

Sýning Eddu Jónsdóttur

Gallerí Langbrók er tilvalið fyrir hinar minni sýningar svo sem fram hefur komið undanfarið með hverri sýningunni á fætur annarri. Hér eru það konur, er sýna afrakstur dagnarsins á mynd- og listiðnaðarvettvangi og er mjög vandað til sýninganna. Hér er hvergi kastað til höndum svo sem á hinum ýmsu sýningum karlpeningsins og það jafnvel í nafni listarinnar.

Nýverið opnaði Edda Jónsdóttir sýningu á nokkrum verka sinna á þessum stað, en frúin hefur á undanförunum árum verið afkastamikil á sviði grafíklistarinnar, nánar tiltekið málmgrafíkinna, sem enn er vinsælust á landi hér. Þetta er önnur einkasýning Eddu en hún sýndi fyrst í Suðurgötugalleríinu svo sem margir munu minnst enda hlaut sú sýning ágætar viðtökur.

Á þessu sinni sýnir hún collage-myndir ásamt klipptri og fléttaðri grafík og mun það síðastnefnda vera nýjung á landi hér. Það er þó engin nýjung, að menn verði leiðir á eintóna þrykktaeknivinnu svo sem grafík er og reyni að víkka sviðið með ýmsum tilraunum, jafnvel á kostnað hinna sígildu tækni-bragða.

Á þessari sýningu virðist mér Edda fyrst og fremst leggja áherzlu á blæbrigðaríkdóminn og jafna, hæga og rölega þenslu

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

á myndfletinum. Sumsstaðar staðsetur hún ljósmyndir inni í myndheildinni og beinir það athyglinni óneitanlega frá öðrum og audugri eðlisþáttum myndbyggingarinnar.

Þetta er mjög þökkaleg sýning og vandvirknisleg og er auðséð að listakonan er að þreifa fyrir sér um nýjar leiðir í listsköpun sinni og mætti ætla að þetta sé eins konar millibilsástand og að vænta megi umtalsverðra breytinga og umbrota frá hálfu hennar í náninni framtíð.

Sýningin staðfestir, að Edda er leitandi listakona, sem sættir sig ekki við stöðugar endurtekingar né lognmöllu og þorir að taka dálitla áhættu. Eg slæ þessu fram, vegna þess að ég gæti trúað að ýmsum starfsbræðrum hennar þyki hún komin á villigötur með þessari fléttuðu grafík.

Áð öllu samanlögðu er þetta notaleg en naumast atkvæðamikil sýning og nú er einungis að bíða næsta leiks frá hálfu listakonunnar.

Sýning Einars Þorlákssonar

Það er mikil hógværd og lítil-læti í kringum sýningu Einars Þorlákssonar, sem hann heldur í Norræna húsinu um þessar mundir og sem lýkur hinn 10. maí. En sú hógværd gildir einungis varðandi hinn ytri ramma því að í myndunum sjálfum er mikil gerjun, — í sumum hrá og umbúðalaus, en í öðrum fágud og stílhrein. Og þó ber hann ekki á neinar bumbur í myndgerð sinni því að hún er nánast sigild í sinni óhlutbundnu mynd.

Hér er sem sagt á ferð einn þeirra listamanna, er kys að rækta sinn garð hávaðalaust, en þó af mikilli kostgæfni og natni og sannast sagna verður afrakstur slíkra vinnubragða ósjaldan drjúgur í tímanum. Heldur velli á sama tíma og margt það er stórum meira bar á, burtmáist, týnist.

Einar er enginn nýgræðingur í íslenskri myndlist, hefur haldið nokkrar stórar sýningar, tekið þátt í fjölda samsýninga auk þess að láta til sín taka á vettvangi félagsmála ísl. myndlistarmanna, — Var um skeið í sýningarnefnd FÍM og formaður í eitt ár, gullöld Haustsýninganna.

Það eru 92 myndir sem hanga uppi í kjallarasölum Norræna hússins, hvorki meira né minna, og skiljanlega er nokkuð þröngt um þær því að innan um eru einnig nokkur allstór málverk. Allar myndirnar eru málaðar í

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

akryl, á léreft og pappír. Pappírsmyndirnar, sem eru undir gleri eru saga út af fyrir sig fyrir fágæta fjölbreytni þótt sviðið kunnir að virðast afmarkað og þröngt. Það sem athygli vekur, er að ekki ein einasta þessara mynda getur talist misheppnuð, heldur má frekar orða það svo, að þær séu misjafnlega góðar og margar gullfallegar. Hér kemur fram mikil og magnað litnáemi, sem Einar hefur verið lengi að þróa ásamt með tilfinningunni fyrir samspili ólíkra forma.

— Jón Stefánsson listmálari, sem var frændi Einars, spáði því við mig eftir að hafa litið á myndir er hann gerði heima fyrir, árið sem hann stundaði nám við



Listaskólann í Kaupmannahöfn (1955—'56) að styrkur Einars í framtíðinni myndi liggja á sviði litnáeminnar. Hér hefur Jón reynst sannspár svo sem í mörgu öðru enda bjó hann yfir yfirgripsmikilli þekkingu á sviði myndlistar samfara djúpu andlegu innsæi. Hann sagði þetta í sambandi við tilraunir Einars, sem voru ekki mjög ósvipaðar þeim er hann gerir á pappír og eru á sýningunni í Norræna húsinu, en á þeim tíma voru þetta einungis ómótaðar hugdettur.

Eg var fyrir í þessum pistli, að ræða um „óhlutbundnar“ myndir, en það er raunar umdeilanlegt hvort það sé alskostar réttnefni, því að það er meira en auðséð, að listamaðurinn sækir hughrif til náttúrunnar í myndgerð sinni. En það sjá þeir einungis er geta lesið í myndir og upplifað fleira en yfirborð þeirra. Hér er málari, er malar með kenndum sínum og tilfinningu fyrir umhverfinu og mannlífínu, — lífsins púls, gæti maður nefnt það. Hann hefur ferðast mikið um óbyggðir landsins og uppgötvað það á annan hátt en í útlínum þess og yfirborði, — kortagerðarmaður er hann enginn í list sinni.


Af myndum er sérstaka athygli mína vöktu vil ég nefna „Tveir á tali“ (8), er Listasafn Íslands festi sér, „Tilraunaflug“ (12), „Færeyskur dans“ (13), „Milljónagufan mjóa“ (17), en sú mynd er mjög flókin og fjölbreytt í uppbyggingu og þó furðulega rökrétt, „Úr viðjum“ (18). Allar þessar myndir eru málaðar á léreft en í þeim myndum er Einar nokkuð mistækur.

— Það hefur hins vegar næsta lítinn tilgang, að telja upp einstakar myndir varðandi þær sem eru málaðar á pappír svo jafngóðar sem þær eru, en ég vil þó nefna nokkrar er höfðuðu sérstaklega til mín persónulega, en það voru: „Fjara“ (28), „Katanesdýrið“ (31), „Blámóða“ (41), „Gluggi í norður“ (43), „Form í rauðu“ (45), „Mannfagnaður“ (46) og „Nótt“ (57).

Eg segi fyrir mig, að ég er furðu lostinn yfir því, hví þessar hrifmiklu myndir skuli ekki hafa runnið út líkast rjómobollum en það kann að stafa af því hve tærar og látláusar þær eru í allri gerð, láusar við hvella fagra og disæta liti.

Eg myndi ráðleggja listamanninum, að sýna úrval þessara mynda á erlendri grund því að þær eiga erindi sem víðast, — illt að hugsa til þess að slík list skuli lenda í geymsluhirzrum í stað þess að verða virkar í tíðinni.

Eg þakka svo Einari fyrir ágæta sýningu og hvet sem flesta að leggja leið sína í Norræna húsið og skoða sýninguna vel og gaumgæfilega.



Eiríkur Smith við verk sín á Kjarvalsstöðum.

samanlagður hagnaður af þessari sýningu.

— 0 —

Það er mikill fjöldi mynda á þessari sýningu Eiríks Smith, eða 114 talsins, allar gerðar í olíu- og vatnslitum. Listamaðurinn hefur hagnýtt sér það snjallræði frá síðustu sýningu á sama stað, er

hægri hluti eystri gangs var lokaður af, til að skapa auknið sýningarrými. Þannig verður ekki eins þröngt um myndafjöldann og annars hefði orðið þótt hér sé teflt á tæpasta vaðið.

Í heild undirstrikar sýningin óvenjulegan feril Eiríks, og má segja, að hann sé kominn heim á hlaðvarpann aftur, eftir langa og

stranga vegferð, en stórum sjóaðri en er hann hélt á brott með mal sinn úttrodinn af hugsjónum og vonum. Sýningin ber vott um þá miklu tækni er hann hefur víðað að sér í gegnum árin og einnig hve víða hann hefur komið við. Naumast verða myndirnar flokkaðar undir einhverja ákveðna listastefnu því að fram kemur ósjaldan í sömu myndunum samruni margra stíllagða og þá einkum realisma, expressjónisma og súrrealisma og á það einkum við í málverkunum.

Eitt eiga þeir Eiríkur og Kjarval sameiginlegt annað en sölu- og mikla aðsókn, og það er staðsetning lifandi fólks sem hulduvera inn í myndheim sinn. Engan veit ég, sem hefur gert þetta í jafn ríku mæli á eftir Kjarval og Eiríki Smith, og þótt á annan veg sé þá er hugsunin að baki keimlik. Oft falla þessar verur vel inn í myndbygginguna en á köflum er sem um ofnotkun hugmynda sé að ræða einkum í olíumálverkunum.

Auðsær er skyldleikinn við myndhugsun Andrews Wyeth, en Eiríkur vinnur myndir sínar á

allt annan hátt, hefur ekki þolinmæði og þrautseigju Wyeth, er að eigin sögn er stundum mánuðum saman að mála eina litla brekku. Þá notar Wyeth ekki ljósmynda-vélina á sama hátt og Eiríkur, afneitar henni raunar með öllu, sem þó kann að orka tvímælis. Eiríkur er án efa fremstur allra hérlendra er mála í þessari tækni og hefur enda gert mest af því. Hann er einnig einn af þeim fáu er hafa getað helgað sig málverkinu að öllu leyti um árabíl.

Margir eru á því, að vatnslita-myndirnar beri uppi sýninguna og víst er að þær eru margar ágætar og magnaðar í útfærslu svo sem „Kerran hans Héðins“ (10), „Hrisla og klettur“ (18), „Vetrardraumur“ (21), er minnr sterkt á stíllbrögð Wyeth, og svo „Sumar í garðinum“ (31), sem mér þykir ein stílhreinasta myndin á sýningunni.

Af olíumyndunum vöktu einkum athygli mína myndir svo sem „Minning“ (34), „Tvær verur“ (40), í þeirri minnr stóra andlitið mjög á þýsku leikkonuna Lilli Palmer, „Haust“ (41), „Á sandinum“ (42) og „Kyrrð“ (47), en þá

mynd tel ég eina af þeim hrifmestu á sýningunni og e.t.v. heilsteyptasta olíumálverkið.

Að sjálfsögðu væri hægt að telja upp ótal fleiri myndir en það yrði of langt mál en þessar hafa orðið mér minnisstæðastar eftir margar ferðir á sýninguna. Þó er ónefnd röð þjóðsagnamynda en þær þykja mér þrjár myndir í sérflokki sem eru „Djárninn á Myrká“ (5), „Kölski ber vatn í hripum“ (8), „Tungustapi“ (11) og „Sálin hans Jóns míns“ (15), sem mér þykir miklu best.

Allar þessar ofangreindu myndir eru heilsteyptari og stílhreinni í útfærslu hinum myndunum og sýna ljóslega, að Eiríkur getur unnið vel án aðstodar ljósmynda og myndvörpu — þó sést það, að drauga og huldufólk er ekki hægt að fella undir þessa tækni.

Í heild tel ég þetta sterkasta framlag Eiríks í myndlistinni síðan hann yfirgaf óhlutbundna málverkið alfarið og verður næsta fróðlegt að fylgjast með framvindu mála hjá þessum listamanni.